

Eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum

Félag atvinnurekenda hefur beitt sér fyrir gagnsæi hvað varðar eignarhald banka á fjármálafyrirtækjum. Félagið lét m.a. til sín taka í umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki sem kom fram á fyrri hluta ársins 2010. Þar lagði félagið áherslu á að löggjöfin væri ennþá skýrari hvað varðar þetta mikilvæga mál. Nokkur árangur náðist, t.d. bættist við skýrara ákvæði um tímafresti eignarhalds fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum í óskyldum rekstri.

Í október sl. skapaðist mikil umræða um málefni Pennans, þar sem reyndi á samkeppnissjónarmið og mikilvægi þess að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum komi eingöngu til sem skref í endurskipulagningu í takmarkaðan tíma. Í þessu máli skipta tímafrestir skv. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki miklu máli, en bankar mega einungis eiga fyrirtæki í 12 mánuði án þess að leita eftir undanþágu hjá FME.

Mörg önnur dæmi komu upp á sjónarsviðið og m.a. að bankar, eða dótturfélög þeirra, hafi átt fyrirtæki í meira en 30 mánuði. FA taldi ástæðu til að fylgja málinu eftir og þann 26. október sendi félagið bréf til FME þar sem óskað var eftir svörum við því hversu oft frá hruni fjármálafyrirtæki hafi sótt um tímabundið eignarhald á fyrirtæki í óskyldum rekstri. Hversu oft tímafrestir hafi verið framlengdir osfrv. Mikil þörf var á skýrari upplýsingagjöf um þessi mál eins og kom á daginn.

Í svari FME kom fram að 137 félög í óskyldri starfsemi voru í eigu íslenskra banka. Í svarbréfinu kom fram að sótt hafi verið um framlengdan frest fyrir um helming þeirra fyrirtækja sem eru í eigu bankanna, alls 68 talsins. Þær voru allar samþykktar en ekki kom fram hvers konar ástæður væru fyrir því.

Að hluta byggist þetta má einfaldlega á gagnsæi og því að upplýsingagjöf sé með þeim hætti að ónauðsynleg tortryggni myndist ekki í garð eignarhalds banka á fyrirtækjum. Slíkt eignarhald á sér eðlilegar skýringar, en á ekki að vera viðvarandi.